

## Reglur um námsstyrki til starfsmanna Húnaþings vestra

Með reglum þessum vill sveitarstjórn Húnaþings vestra stuðla að möguleikum fyrir starfsmenn til að viðhalda og auka við menntun sína og þekkingu í samræmi við starfsmannastefnu, gildandi kjarasamninga og fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins.

Reglur þessar gilda um þá starfsmenn Húnaþings vestra sem samhliða starfi stunda nám á háskólastigi á sínu starfssviði (t.d. fjarnám) eða nám til starfsréttinda á sínu starfssviði við aðrar viðurkenndar skólastofnanir.

### 1. gr.

Umsækjandi skal hafa verið í starfi hjá Húnaþingi vestra á viðkomandi starfssviði í a.m.k. tvö ár og að námið hafi augljóslega hagnýtt gildi fyrir viðkomandi starfsmann og starf hans hjá sveitarfélaginu.

### 2. gr.

Umsókn um styrk skal berast byggðarráði fyrir 15. júní ár hvert, ásamt umsögn viðkomandi yfirmanns og staðfestingu um skólavist. Í umsókninni skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma og starfsferil umsækjanda.

### 3. gr.

Styrkþega er veitt leyfi frá störfum og greidd dagvinnulaun miðað við starfshlutfall þann tíma sem hann sækir staðbundið nám í viðkomandi skólastofnun og þann tíma sem hann er í starfs/vettvangsnámi og færast þau sem kostnaður á viðkomandi deild. Upplýsingar um námsframvindu hvern annar skal komið til viðkomandi yfirmanns. Hámarks námstími er fjórar annir, með möguleika á framlengingu um tvær annir.

### 4. gr.

Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa hjá Húnaþingi vestra í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur og skal miðað við að starfshlutfall sé a.m.k. það sama og var á námstímanum. Hætti starfsmaður störfum hjá sveitarfélaginu innan áðurnefndra 2ja ára, eða ljúki hann ekki námi hefur Húnaþing vestra heimild til þess að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk.

### 5. gr.

Við mat á umsóknum skal litið til þarfa stofnana sveitarfélagsins fyrir faglært starfsfólk á viðkomandi sviði á hverjum tíma og er háð fjárhagsáætlun stofnunar hverju sinni. Ef ekki er hægt að verða við öllum umsóknum frá sömu stofnun, þá ræður starfsaldur starfsmanns forgangsöröðun umsókna. Byggðarráð áskilur sér rétt til að hafna umsóknum.

### 6. gr.

Frávik frá reglum þessum eru einungis heimil með samþykki sveitarstjórnar.

Reglur þessar taka þegar gildi og verða síðan teknar til endurskoðunar árið 2022.

Samþykkt á fundi byggðarráðs þann 4. maí 2020  
Samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 14. maí 2020